



Fornleifaskráning

vegna mats á umhverfisáhrifum
vegna vegabóta á slóða upp að námu á Hamragarðaheiði



Guðlaug Vilbogadóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Nóvember 2007

2007/8

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega.....	4
Staðhættir og lýsing	4
Hættumat	4
Heimildir	4
Heimildarmenn	4
Saga jarðanna og fornleifar	5
Helstu minjaflokkar	5
Minjar í túni	5
Minjar í eða við tún.....	6
Minjar utan túns	6
Minjar við sjó/vötn.....	8
Saga Hamragarða	9
Fornleifaskrá	13
Niðurlag	23
Heimildaskrá	24

Inngangur

Að beiðni Kristínar Völu Matthíasdóttur, efnaverkfræðings hjá VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar, hefur Byggðasafn Árnesinga framkvæmt rannsókn á fornminjum vegna mats á umhverfisáhrifum. Kannaður var vegslóði sem liggur um Hamragarðaheiði og inn á Seljalandsheiði, þar sem fyrirhuguð er efnistaka vegna framkvæmda við ferjuhöfn í Bakkafjöru. Þar sem bæta þarf veginn til að þungaflutningar geti farið þar fram, var talin ástæða til að kanna hvort fornleifar eru innan 100 metra beggja vegna slóðans. Athugun á vettvangi fór fram 5. og 8. nóvember 2007. Þá voru þær minjar sem fundust innan 100 metra markanna skráðar, þeim lýst, þær teiknaðar, teknar af þeim myndir og þær hnitsettar (sbr. *Lög um mat á umhverfisáhrifum*, nr. 106/2000). Vegslóðinn er í landi Hamragarða og var því saga jarðarinnar skrifuð, en hún er nú í eigu sveitarfélagsins Rangárbings eystra, en var áður í Vestur-Eyjafjallahreppi. Á umræddu svæði voru hnitsettar og skráðar 15 fornleifar.

Rannsóknina framkvæmdu fornleifafræðingarnir Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir og lokafrágangur og skýrslugerð var einnig í þeirra höndum.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í *Þjóðminjalögum* nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við upphaf skráningar eru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, túnakort og fornit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarfs eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi frá 1847*.

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Á vettvangi voru hnit tekin á minjum með Trimble PRO XR GPS staðsetningartæki. Öll hnit voru tekin í landskerfinu ISN93. Loftmyndir í skýrslunni eru frá Loftmyndum ehf. birtar hér með leyfi Vegagerðarinnar. Úrvinnsla korta fór fram í Trimble GPS Pathfinder Office.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir:

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Hamragarðar 163766, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 72 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar. Bæjarstæði Hamragarða væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Hamragarðar – 163766-72-1. Í þessari skýrslu er það reyndar ekki skráð, þar sem það er langt utan vegslóða. Því er fyrsta raðnúmer Hamragarða 163766-72-2. Sé jörð með landsnúmer en ekki númeri í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Ömpuhellir, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Leggja

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildarmenn

Heimildarmaður við skráningu var Símon Oddgeirsson í Dalsseli.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróflega skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Hins vegar telst stærsti minjaflokkurinn útihús hvers konar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hvers kyns minjar þar er um að ræða þó engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurs konar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru eins konar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrdir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjánhús: Fjánhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa getur verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smíðjur: Smíðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnfarsenda þess hvar bæ var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunnninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlategar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateg. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfnni. Kuml og kumlategar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripaheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhvers konar.

Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt í dilka.

Stekkir: Eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráferur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli, þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímamann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurs konar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margs konar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnsléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið.

Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Minjar við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðarstaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Hamragarðar – 163766-72

Saga

Hamragarðar voru í hinum gamla Vestur-Eyjafjallahreppi og Stóradalssókn, en með sameiningu hreppa í Rangárvallasýslu árið 2002 tilheyrir hann nú sveitarfélaginu Rangárþing eystra.¹

Í *Landnámu* segir frá því að Ágerður dóttir Asks hins ómálga hafi numið „... land milli Seljalandsmúla ok Markarfljóts ok Langanes allt upp til Jökuldusteins ok bjó norðan í Katanesi.“² „Langanes er undirlendið upp með Markarfljóti allt inn að Jökulsá, ... Jökuldusteinn er móbergssker á Markarfljótsaurum þar á mótis við sem Steinhóltsá rennur niður úr hlíðum Eyjafallajökuls, og er líklegt, landnámið hafi náð inn að ánni.“³ Talið er að við landnám hafi Markarfljót runnið talsvert vestar en nú er og því er líklegt að jörðin Hamragarðar hafi verið í landnámi Ásgerðar.⁴ „[Katanes] þekktist nú ekki, en gizkað hefur verið á, að Katanes sé fjallsrani sá, sem er sunnan við bæ í Neðradal. Hefur bærinn þá sennilega staðið norðan undir nefinu. Þar hefur Markarfljót síðan fallið upp að brekka og eyðilagt bæ og bæjarstæði.“⁵ Í *Örnefnaskrá* Hamragarða er nyrsti oddinn á fjallinu sem bærinn stendur undir og skerst niður í Markarfljót ýmist nefndur Katarnes eða Kattarnes.⁶

Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem skrifuð var í kringum 1708, kemur fram að eigendur Hamragarða séu tveir, en ábúandinn aðeins einn, og er hann leiguliði.⁷ Jörðinni er lýst þannig:

Jarðardýrleiki [8 hdr.] ... Landskuld af allri jörðinni xl álnir. Betalast í fríðu. Fyrir 6 eða 7 árum var landskuldin lxxx álnir; var hún þá niðurstett vegna skriðuhlaups og ágangs af Markarfljóti. Leigukúgildi i. Fyrir 6 eða 7 árum [1½]. Leiga betalast í smjöri. Kvaðir hafa engar verið næstu 8 ár eður so; áður var skipsáróður undir Eyjafjöllum, eða þar fyrir 10 álnir, tveggja hesta lán undir trje af fjörum að Ási í Holtum, dagsláttur þángað.

Kvikfjenaður iiiii kýr, i úngkálfur, xxvii ær, vi gimbrar, iv sauðir gamlir, iii þrevetrir, iv tvævetrir, iv veturgamlir, iii hestar, i hross, ii únghryssur.

Fóðrast kann á heyjum iii kýr, i hestur, xii lömb.

Torfrista til húsa og heyja er tilsótt í Neðra Dals land, þó hefur hún ekki hingað til keypt verið, því einn hefur eigandi verið beggja jarðanna.

Slægjum granda skriður og grjóthrun úr fjallinu.

Af beitarlandi og engjum hefur Markarfljót stórum brotið, so af engjum, sem í gamladaga brúkaðar voru, er ekkert eftir orðið.

Jörðin liggur undir spjöllum jafnvel foreyðing.⁸

¹ *Rangárþing eystra*. Engin dags.

² *Íslensk fornrit*. 1968, bls. 343.

³ Haraldur Matthíasson. 1982, bls. 415.

⁴ Haraldur Matthíasson. 1982, bls. 415; Jón Jósep Jóhannesson. 1966, bls. 68.

⁵ Haraldur Matthíasson. 1982, bls. 415.

⁶ *Örnefnaskrá Hamragarða*. Engin dags.

⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], Inngangur og bls. 89.

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 89-90.

Í sóknarlýsing Stóradalssóknar, sem skrifuð var árið 1840, segir m.a.: „*Hamragarðar*, 8 hndr. jörð til útsuðurs frá Neðradal, bæjarleiðarkorn, stendur undir háu fjalli milli Gljúfursár og Seljalandsár; heyskapur lítill, en góður og eins útigangur.“⁹ Síðar segir: „Hamragarðar hefur haft fyrrum selstöðu í heiðarlandi sínu, einninn aflögð fyrir löngu.“¹⁰ Þá segir þar einnig að tveir hellar séu í Hamragörðum fyrir fénað.¹¹ Um hella þessa segir í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi*: „Hellarnir í Hamragörðum eru náttúrulegir skútar í klettunum neðan við fossinn Gljúfrabúa. Hleðslur eru þar í kring og sýnilegt að þeir hafa verið notaðir fyrir sauðfé.“¹²

Í *Jarðatali* Johnsens frá því um 1845 er dýrleiki Hamragarða enn 8 hndr. Þá eru kúgildin 2 og ábúandinn einn leiguliði.¹³

Í bókinni *Sunnlenskum byggðum* er Hamragörðum þannig lýst:

Hamragarðar er lítil jörð. Hún er sjálfstæð, var snemma skipt úr Stóra-Dalslandi að talið er. Bærinn stendur vestan undir 80-100 m háum klettavegg. Tveir fossar falla fram af klettunum, Seljalandsfoss sunnan og Gljúfurárfoss (Gljúfrabúi) norðar, og setja þeir sérstæðan svip á landslagið. Grasi vaxið undirlendi framan undir klettunum er lítið. Tún er þar umhverfis bæinn, vallendisbrekkur undir klettunum og mýrlent þar sem lægst er. Þetta land var allt heyskaparland síðasta ábúanda. Um síðustu aldamót hafði Markarfljot gengið svo á undirlendið að það var komið að brekkurótum norðan við Seljalandsfoss og gamla túnið eitt var eftir. Þá var allt að helmingur heyskapar sóttur í Fitjarmýrarmýri. Lagði síðasti ábúandi fram mikla vinnu við að bæja Fljótinu frá. Síðan því var veitt frá hefur landið verið ræktað og grætt upp. Ofan klettabrúnar er Hamragarðaheiði. Hún er fremur mjó tunga milli Seljalandsár og Gljúfurár. Fer heiðin hækkandi eftir því sem austar dregur og er að mestu leyti grasi vaxin, enda í skjóli af Neðra-Dalsheiði að norðan og Seljalandsheiði að sunnan og suðaustan. Á heiðinni eru góðir sauðfjárhagar. Á heiðinni neðanverðri voru fjárhús. Við þau hafði síðasti ábúandi ræktað tún.

Í Hamragörðum var búið til 1963, er páverandi ábúandi hætti búskap og gaf jörð sína Skógræktarfélagi Rangæinga, en félagið keypti af honum hús og önnur mannvirki. Þar hefur Skógræktarfélagið girt af land og plantað trjám. En illa hefur gengið að koma upp skógi.

Fyrsta rafstöð til heimilisnotkunar, sem reist var í Vestur-Eyjafjallahreppi, var sett upp í Hamragörðum 1927. Hún er enn til eins og frá henni var gengið í byrjun.¹⁴

Um og eftir 1820 bjó mikill hagleiksmaður í Hamragörðum, Páll Árnason að nafni. Hann byggði þófaramyllu við læk nokkurn sem síðan dregur nafn sitt af myllunni og kallast Myllulækur.¹⁵ Síðar var þar kornmylla og síðast raforkustöð, en eins og fram kemur í *Sunnlenskum byggðum* var fyrsta rafstöð hreppsins sett upp í Hamragörðum 1927.¹⁶

⁹ *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* 1968, bls. 59.

¹⁰ *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* 1968, bls. 61.

¹¹ *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* 1968, bls. 55.

¹² Árni Hjartarson o.fl. 1991, bls. 239.

¹³ Johnsen, J. 1847, bls. 26.

¹⁴ *Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár.* 1982, bls. 186.

¹⁵ Þórður Tómasson. 1996, bls. 22.

¹⁶ *Örnefnaskrár Hamragarða.* Engin dags.; *Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár.* 1982, bls. 186.

Árið 1896 riðu miklu landskjálftar yfir Suðurland, sem gerðu mikinn usla á mörgum bæjum. Þá voru sex bæjarhús og níu peningshús í Hamragörðum. Eitt bæjarhúsanna og öll peningshúsin skemmdust mjög mikið.¹⁷ Árið 1908 var byggt það íbúðarhús sem nú stendur í Hamragörðum. Það er járnklætt timburhús, sem stendur á niðurgröfnum, grjóthlöðnum kjallara og er með grjóthlöðnum lágum veggjum á þrjá vegu. Grjóthlaðið hlóðaeldhús er norðan við íbúðarhúsið og innangengt er úr húsinu í það. Guðjón Bárðarson, sem bjó í Hamragörðum 1889 til 1930 lét byggja húsið, en smiðir við bygginguna munu hafa verið Erlendur, sonur Guðjóns, og sennilega einnig Sveinn Sveinsson, en hann stundaði mikið smíðar í austurhluta Rangárvallasýslu um þetta leyti. Hlaða með sambyggðum skúr var austan við íbúðarhúsið. Hún var upphaflega byggð árið 1909, en seinna var suðurstafr hennar steypdur. Hann féll út um 1987 og þá f auk þakið af hlöðunni og síðan hefur hlöðutóftin staðið opin.¹⁸

Þegar manntal var tekið árið 1703 voru einungis fjórir skráðir til heimilis í Hamragörðum, hjón ásamt syni þeirra og vinnumanni.¹⁹ Tæpri öld síðar (1801) er fjöldi heimilisfólks sjö.²⁰ Í manntali 1816 hefur enn fjölgað á bænum. Þá búa þar átta manns, hjón ásamt fimm börnum og einum niðursetningi.²¹ Árið 1910 voru sjö til heimilis í Hamragörðum, þar af tveir sjóróðramenn sem einnig gegndu landbúnaðarvinnu.²²

Sagnir eru til um huldufólk í Hamragörðum. Meðal annars hefur Katrín Einarsdóttir, sem flutti að bænum um 1840 sagt frá því þegar henni varð

... reikað að berginu hjá Gljúfrabúa. Þar sá hún nóa²³ lítinn, en allhaglega gerðan. Var vel skorin rós á lokinu og leturlína umhverfis hana, sem Katrín gat ekki ráðið, en höfðaletur var það ekki. Hún virti nóann fyrir sér um stund, en tók síðan af sér sokkabönd sín, sem voru spjaldofin af móður hennar, hinir beztu gripir. Lagði hún þau í nóann og lét hann að því búnu á sama stað. Gekk hún svo heim að bænum og dvaldi þar stutta stund, en vitjaði þá aftur sama staðarins. Var nóinn þá horfinn með sokkaböndunum. Gladdi það Katrínu, að gjöf hennar hafði verið tekin gild. Taldi hún engan vafa leika á því, að nóinn væri í eigu huldufólks, sem byggir þar í klettunum.²⁴

Önnur saga segir frá því þegar kýr á bænum var komin að burði og Katrín og Kristín móðir hennar voru einar á bænum.

Undir morgun vöknudu mæðgurnar við það, að kvenmannsrödd kallaði hátt og snjallt í baðstoflugluggann: „Kristín, mál að vakna.“ Klæddu þær sig þá og fóru út í fjós. Hnykkti þeim við, þegar þangað kom, því að kýrin var þá borin og hildguð,²⁵ búið að mjólka hana og gefa kálfinum. Var hann bundinn á auðan bás, en væn töðutugga var fyrir framan kúna, og afgangurinn af broddinum var þar í fötu á afviknum stað. Þótti þeim mæðgum þetta góð

¹⁷ Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 159.

¹⁸ Guðjón Ólafsson. 1994; Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hamragarðar, Rangárþing eystra.*

¹⁹ *Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947, bls. 473.

²⁰ *Manntal á Íslandi 1801.* 1978, bls. 92.

²¹ *Manntal á Íslandi 1816.* 1951, bls. 189.

²² *Manntal á Íslandi 1910.* 1995, bls. 74-75.

²³ Núi er lítill askur. *Íslensk orðabók.* 1992, bls. 689.

²⁴ Þórður Tómasson. 1949, bls. 98-99.

²⁵ Hilgduð merkir að kýrin hafði losnað við fylgjuna. *Íslensk orðabók.* 1992, bls. 370.

aðkoma, og hafi þær áður verið í vafa um aðsetur huldufólks í Hamragörðum, þó voru þær nú vissar um það.²⁶

Þriðja sagan tengist þeirri helgi sem er á birki á vissum stöðum og hefur verið því ákveðinn hlífisskjöldur. Undir Eyjafjöllum var sú trú að birkihríslur í klettum stæðu undir vernd huldufólks. Sögð er sú saga af tveimur sonum fyrrnefndrar Katrínar, þeim Jóni Geir og Jóni Kristni, að þeir

... hjuggu birkihríslur í berginu hjá Glúfurárfossi (Gljúfrabúa). Foreldrum þeirra fannst fátt um, en of seint var um að sakast. Fáum dögum seinna gekk Jón Geir um einstigi upp í Hamragarðaheiði og bar hvassbrýndan torfpál á baki. Honum varð laus pállinn og í fallinu rann hann um annan kálfasporðinn á Jóni Geir og varð af svöðusár. Það sár greri aldrei og spilltist heldur er á leið ævina. ...

Þá var eftir hlutur Jóns Kristins. Skömmu eftir hrísluhöggið var hann að hjálpa föður sínum við að gera til sauðkind. Oddurinn á skurðarhnífnum hrökk þá í annað auga Jóns Kristins og varð hann þegar blindur á því. Fáum dögum seinna ofreyndi hann hitt augað er hann las Jónsbókarlestur fyrir ömmu sína, Kristínu Einarsdóttur. Upp úr því varð hann alblindur og bjó við það böll langa ævi.²⁷

Eins og fram hefur komið fóru Hamragarðar í eyði árið 1963. Árið áður hafði þáverandi eigandi jarðarinnar, Erlendur Guðjónsson, gefið Skógræktarfélagi Rangæinga jörðina til skógræktar og hófust þar framkvæmdir árið 1964.²⁸ Hamragarðar eru nú í eigu Rangárþings eystra og þar hefur verið komið upp tjaldstæði fyrir ferðafólk.²⁹

²⁶ Þórður Tómasson. 1949, bls. 99.

²⁷ Þórður Tómasson. 1996, bls. 32.

²⁸ Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórssón. 1981, bls. 25.

²⁹ Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hamragarðar, Rangárþing eystra.*

Fornleifaskrá

Hamragarðar - 163766-72-2

Hlutverk: Stekkur/nátthagi.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N 346011, E 451500.

Hættumat: Mikill hætta vegna skóg-ræktar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórs-mörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt þangað til komið er að Seljalandsá. Í laut við ána, sunnan megin við afleggjarann, er hleðsla sem líklega er stekkur.



2 Stekkur, tekið í SA. Ljós. MHH.

Lýsing Stekkurinn stendur við bratta

brekku og kletta og við klettana er jafnframt hellisskúti sem hlaðið hefur verið við, hugsanlega lambakró [163766-72-3].

Stekkurinn er 18 m að lengd í austur-vestur og 10 m í norður-suður og er hæð um 80 sm.

Stekkurinn er hlaðinn úr torfi og er gróinn.

Stekkurinn er 110 m suð-vestur af vegslóða.

Hamragarðar 163766-72-3

Hlutverk: Stekkur.

Tegund: Hellislaut/garðlag.

Staðsetning: N 346015, E 451494.

Hættumat: Lítil hætta.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórs-mörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt þangað til komið er að Seljalandsá. Í laut við ána, sunnan megin við afleggjarann, er rétt sem líklega er stekkur [163766-72-2] og fast við hann er hugsanleg lambakró, eða fráfera að einhverju tagi, byggð framan við lítinn hellisskúta.

Lýsing. Hlaðið hefur verið fyrir framan hellisskúta og er hleðslan um 50 sm á hæð og er stærð króarinnar um 2 x 2 m. Líklega er um að ræða lambakró sem notuð hefur verið með stekknunum.

Stekkurinn er 110 m suð-vestur af vegslóða.

Hamragarðar 163766-72-4

Hlutverk: Rétt.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N 346151, E 451526.

Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsa-byggðar og skógræktar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd er tóftaþyrping, nálægt tveimur sumarbústöðum.

Það fyrsta sem sést frá veginum er rétt, sem byggð er við klettavegg.

Lýsing: Klettur myndar suðurvegg réttarinnar og að hluta austur- og vesturveggi. Hleðslur eru um 1 m á hæð. Breidd réttarinnar í austur-vestur er um 10 m, en skammhliðar eru um 7 m. Op snýr í norð-norð-austur.

Réttin er aðeins 3 m frá slóðanum.



3 Hlaðin rétt. Tekið í SV. Ljósm. MHH.


Hamragarðar - 163766-72-5

Hlutverk: Fjárhús/hlaða.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N 346136, E 451511.

Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsa-byggðar.



5 metrar



5 Fjárhús með garða, hlaða í enda. Tekið í austur. Ljósm. MHH.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd er tóftaþyrping, nálægt tveimur sumarbústöðum.

Um 11 m suður af garðlagi [163766-72-4] ofan á klettunum sem garðlagið stendur framan við er tvískipt fjárhús. Heimildarmaður, Símon Oddgeirsson, telur að þetta hús sé yfir 100 ára gamalt að minnsta kosti að grunni til. Man hann eftir þessum húsum frá barnæsku fyrir um 70 árum. Húsin voru lengi í notkun.

Lýsing: Fjárhúsin eru 18 m á lengd frá vestri til austurs og 11 m á breidd frá norðri til suðurs. Innanmál fjárhússins er 15 m og er hlaðan þar meðtalin. Fjárhús og hlaða eru aðskilin með 2 m breiðum vegg og er hlaðan töluvert dýpri en fjárhúsið og veggir hennar yfir 2 m á hæð. Innanmál hlöðu er 3 x 6 m. Eftir miðju fjárhúsi er garði um 2 m á breidd.

Dyraop er um 1,5 m og snýr í vestur. Líklega hefur verið annað op á vesturhlið en hrúnið hefur fyrir það. Annað hús er áfast við suðurhlið fjárhússins og nýtir suðurhlið hússins [163766-72-6]. Þetta hús er hesthús að sögn heimildarmanns (Símon Oddgeirsson).

Heimildarmaður: Símon Oddgeirsson.

Fjárhúsið er 25 m suður af vegslóða.

Hamragarðar - 163766-72-6

Hlutverk: Hesthús.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N 346129, E 451514.

Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsa-byggðar og skógræktar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd er tóftaþyrping, nálægt tveimur sumarbústöðum.

Um 11 m suður af garðlagi [163766-72-4]

ofan á klettunum sem garðlagið stendur framan við er tvískipt fjárhús [163766-72-5]. Heimildarmaður, Símon Oddgeirsson, telur að þetta hús sé yfir 100 ára gamalt að minnsta kosti að gunni til. Man hann eftir þessum húsum frá barnæsku fyrir um 70 árum. Húsin voru lengi í notkun.

Áfast við fjárhúsin er annað hús sem heimildarmaður segir að hafi verið hesthús.

Lýsing: Hesthúsið stendur áfast við fjárhúsið [163766-72-5] og nýtir suðurvegg þess. Innanmál hesthússins er 5 x 3 m og er það opið til vesturs. Hleðsluhæð er um 1,5 m.

Hesthúsið er 25 m suður af vegslóða.



6 Hesthús áfast hlöðu. Tekið í austur. Ljós. MHH.

Hamragarðar - 163766-72-7

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N 346119, E 451546.


Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsabyggðar og skógræktar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd eru tóftaþyrping, nálægt tveimur sumarbústöðum.

Um 24 m austur af fjárhúsi [163766-72-5] er



7 Tóft austur af fjárhúsi. Tekið í austur. Ljós. MHH.



hlaðið hús.

Lýsing: Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti og er hleðsluhæð um 1,5 m. Innanmál hússins er 3 x 2 m og utanmál 6 x 6 m. Húsið snýr í norð-austur, suð-vestur. Dyraop er í norð-vestur. Veggjaþykkt er 2 m. Í framhaldi af norðvesturvegg er um 3,6 m langur veggur sem myndar skjólvegg. Bekkir eru með fram norður- og suðurvegg og hellur í gólfi.

Húsið er í góðu ástandi.

Húsið er 6 m vestur af vegslóða.

Hamragarðar - 163766-72-8

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N 346116, E 451524.

Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsabyggðar og skógræktar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd er tóftaþyrping,

nálægt tveimur sumarbústöðum.

Um 14 m suð-austur af fjárhúsi [163766-72-5] og 4 m suður af tóft [163766-72-7] er hleðsla.



8 Skeifulaga hleðsla. Tekið í suðaustur. Ljós. MHH.

Lýsing. Hleðslan er skeifulaga og er hluti af henni náttúrulegur bakki. Hleðslur eru um 1 m á hæð. Inn í hleðslunni stendur kofi sem notaður er sem sumarhús. Í kring um sumarhúsið eru sléttar steinhellur sem hugsanlega eru gamalt grjót sem notað hefur verið í þak.

Réttin er 13 m frá austri til vesturs og 16 m frá norðri til suðurs.

Hleðslan er um 18 m suð-vestur af vegslóðanum.

Hamragarðar - 163766-72-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N 346102, E 451557.

Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsabyggðar og skógræktar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd eru tóftaþyrping, nálægt tveimur sumarbústöðum.

Fast við veginn um 8 m suð-austur af tóft [163766-72-7] er óljós rétt.

Lýsing. Hleðsla er um 30-40 sm há og myndar skeifu sem alls er 20 m löng. Mikið af öspum er gróðursett við garðlagið.

Garðlagið er innan við 1 m frá vegslóða.

Hamragarðar - 163766-72-10

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N 346166, E 451452.

Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsabyggðar og skógræktar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd er tóftaþyrping, nálægt tveimur sumarbústöðum.

Um 70 m vestan við fjárhústóft [163766-72-5], fyrir neðan grasi vaxinn bakka, er hringlaga garðlag, sem ekki er hægt að segja til um hvað hafi verið.

Lýsing: Garðlagið er um 5 m í þvermál með skállaga hvilft sem er talsvert lægri en umhverfið. Dýpt að innanverðu er um 70 sm en að utanverðu er veggjahæð um 30 sm. Veggirnir eru grasi vaxnir eins og allt umhverfið og ekki sést neitt grjót. Mjög aflíðandi er að hleðslunni bæði að utan- og innanverðu.

Garðlagið er um 70 m sunnan við vegslóða.



10 Hringlaga garðlag. Tekið í vestur. Ljósm. GV.

Hamragarðar - 163766-72-11

Hlutverk: Samgöngubót.

Tegund: Varða.

Staðsetning: N 346081, E 451585.

Hættumat: Í hættu vegna sumarhúsa-byggðar, skógræktar og vegaf framkvæmda.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina. Afleggjaranum er fylgt til austurs. Á hægri hönd er tóftaþyrping, nálægt tveimur sumarbústöðum.



11 Varða. Tekið í norður. Ljós. MHH.

Aðeins austar en tóftirnar við brekku um 10 m norður af vegi er varða.

Lýsing: Aldur vörðunnar er óviss, hún gæti verið gömul eða jafnvel nýhlaðin. Ljóst er þó að vel hefur verið staðið að gerð hennar. Varðan er breiðust neðst um 1 m og um 1,5 m á hæð. Varðan er úr hraungrýti sem er að hluta mosavaxið.

Varðan er um 10 m norðan við vegslóða.

Hamragarðar - 163766-72-12

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Garðlag/tóft.

Staðsetning: N 346046, E 451607.

Hættumat: Í hættu vegna vegaf framkvæmda.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina.

Um 40 m í suðaustur frá vörðu [163766-72-11], rétt ofan við afgangsumarbústaðaland er ferhyrnt garðlag.



12 Tóft úr hraungrýti. Tekið í suður. Ljós. GV.

Lýsing: Hleðsla úr mosavöxnu, frekar grófgerðu hraungrýti myndar ferkantaða tóft, sem er um 6 m löng frá austri til vesturs, en 5 m frá norðri til suðurs. Mesta hæð veggja er um 80 sm að innanverðu þar sem hleðslan er hæst í norðvesturhorninu. Inngangur hefur hugsanlega verið á suðurvegg, við austurhorn. Það er þó verulega óljóst. Gróíð er að veggjum að utanverðu, en innan í tóftinni er malarbotn, eins og norðan við hana, alveg að vegslóða.

Ekki er unnt að segja til um aldur þessarar hleðslu og verið getur að hún sé ekki ýkja gömul.

Tóftin er um 6 m sunnan við vegslóða.

Hamragarðar - 163766-72-13

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Garðlag?

Staðsetning: N 345866, E 451958. Hnitið er tekið við norðurenda garðsins.

Hættumat: Í hættu vegna vegaf framkvæmda og veðrunar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina.

Uppi í hlíðinni, um 380 m í aust-norð-austur frá garðlagi [163766-72-12] eru óljós mannvirki, sem erfitt er að átta sig á,

hugsanlegt garðlag [163766-72-13], garðlag [163766-72-14] og tóft [163766-72-15].

Lýsing: Alveg við vegslóðann liggur 45 m langur hryggur í austur. Hugsanlega er hér um garð að ræða sem sveigir örlítið í norður. Garðlagið er um 1,5 m breitt neðst og er afar ávalt. Mesta hæð er um 70 sm. Norðan við garðinn er uppblástur og gæti verið um að ræða jarðveg sem safnast hefur saman sunnan við þennan uppblástursmel. En einnig er hugsanlegt að garðurinn tengist öðrum mannvirkjum á svæðinu, garðlagi [163766-72-14] og tóft [163766-72-15].

Þar sem þetta hugsanlega garðlag endar liggur greinilegur garður í SSV [163766-72-14].

Garðurinn hefst alveg austan við vegslóðann.



13 Garðlag? Tekið í austur. Ljósm. GV.

Hamragarðar - 163766-72-14

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N 345866, E 451958.

Hættumat: Í hættu vegna vegaf framkvæmda og veðrunar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina.

Uppi í hlíðinni, um 380 m í aust-norð-austur frá garðlagi [163766-72-12] eru óljós mannvirki, sem erfitt er að átta sig á, hugsanlegt garðlag [163766-72-13], garðlag [163766-72-14] og tóft [163766-72-15].

Lýsing: Alveg við vegslóðann liggur 45 m langur hryggur í austur. Hugsanlega er hér um garð að ræða sem sveigir örlítið í norður [163766-72-13]. Þar sem þetta hugsanlega garðlag endar liggur greinilegur garður í SSV. Nyrst er sá garður alveg gróinn á um 2 m kafla. Þá kemur rof í garðinn þar sem liggur grasi vaxinn vegslóði í gegnum hann. Sunnan við



14 Garðlag. Tekið í suður. Ljósm. GV.

hann tekur við um 3 m löng grjóthleðsla, sem deyr út í hlíðardragi sem er sunnan við hann. Þessi hleðsla er úr stóru hraungrýti. Hleðslan er hæst nyrst um 40 sm há og 40 sm breið, eitt umfar.

Fyrir austan grjótgarðinn er ílöng dæld í gróðurinn, sem gæti hugsanlega verið tóft, þó ekki sjáist beinlínis móta fyrir veggjum [163766-72-15].

Í bókinni *Sunnlenskum byggðum* er sagt frá því að á neðanverðri Hamragarðaheiði hafi verið fjárhús og síðasti ábúandi hafi ræktað við þau tún, en hann bjó í Hamragörðum frá 1956 til 1963 (*Sunnlenskar byggðir*. 1982:186). Hér gætu verið leifar þessa túns, þó líklegra sé að umrætt fjárhús sé tóft [163766-72-16]. Hins vegar gætu hér hugsanlega verið leifar sels sem segir frá í sóknarlýsingu Stóradalssóknar, sem skrifuð var árið 1840, en þar segir: „Hamragarðar hefur haft fyrrum selstöðu í heiðarlandi sínu, einnig aflögð fyrir löngu.“ (*Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968:61). Þessi tilgáta þykir sennilegi því sé hér um leifar húss að ræða eru þær mun eldri en fjárhúsið sem sagt er frá í *Sunnlenskum byggðum*.

Heimildir:

Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.

Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár. 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Garðurinn er um 45 m austan við vegslóðann.

Hamragarðar - 163766-72-15

Hlutverk: Óþekkt/sel?

Tegund: Tóft?

Staðsetning: N 345866, E 451958.

Hættumat: Í hættu vegna vegaförum og veðrunar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina.

Uppi í hlíðinni, um 380 m í aust-norð-austur frá garðlagi [163766-72-12] eru óljós mannvirki, sem erfitt er að átta sig á, hugsanlegt garðlag [163766-72-13], garðlag [163766-72-14] og tóft [163766-72-15].

Lýsing: Alveg við vegslóðann liggur 45 m langur hryggur í austur. Hugsanlega er hér um garð að ræða sem sveigir örlítið í norður. Þar sem þetta hugsanlega garðlag endar liggur greinilegur garður í SSV [163766-72-14]. Nyrst er sá garður alveg gróinn á um 2 m kafla. Þá kemur rof í garðinn þar sem liggur grasi vaxinn vegslóði í gegnum hann. Sunnan við hann tekur við um 3 m löng grjóthleðsla, sem deyr út í hlíðardragi sem er sunnan við hann. Fyrir austan grjótgarðinn er ílöng dæld í gróðurinn, sem gæti hugsanlega verið tóft, þó ekki sjáist



13 Tóft? Tekið í austur. Ljós. GV.

beinlínis móta fyrir veggjum. Hún er um 11 m löng frá austri til vesturs og um 4 m breið. Dældin er um 30 sm lægri en umhverfið, en sami gróður er í henni og umhverfis.

Meðfram dældinni (tóftinni?) liggur slóði sem smalamenn hafa líklega keyrt eftir, upp á hæð fyrir ofan þessar minjar. Um 6 m norðan við slóðann er mjög reglulegur grasbakki, sem erfitt er að átta sig á hvort sé af mannavöldum.

Í bókinni *Sunnlenskum byggðum* er sagt frá því að á neðanverðri Hamragarðaheiði hafi verið fjárhús og síðasti ábúandi hafi ræktað við þau tún, en hann bjó í Hamragörðum frá 1956 til 1963 (*Sunnlenskar byggðir*. 1982:186). Hér gætu verið leifar þessa túns, þó líklega sé að umrætt fjárhús sé tóft [163766-72-16]. Hins vegar gætu hér hugsanlega verið leifar sels sem segir frá í sóknarlýsingu Stóradalssóknar, sem skrifuð var árið 1840, en þar segir: „Hamragarðar hefur haft fyrrum selstöðu í heiðarlandi sínu, einnig aflögð fyrir löngu.“ (*Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968:61). Þessi tilgáta þykir sennilegi því sé hér um leifar húss að ræða eru þær mun eldri en fjárhúsið sem sagt er frá í *Sunnlenskum byggðum*.

Heimildir:

Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.

Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár. 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Tóftin er 50 m austan við vegslóða.

Hamragarðar - 163766-72-16

Hlutverk: Fjárhús/beitarhús.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N 345922, E 452027.

Hættumat: Í hættu vegna vegaframkvæmda og veðrunar.

Staðhættir: Þegar farið er upp á Hamragarðaheiði er keyrt fram hjá bæjarhúsum Hamragarða í átt að Þórsmörk. Þá er afleggjari á hægri hönd sem liggur upp á heiðina.

Um 120 m norðaustur af minjum [163766-72-13 til -15] og talsvert ofar í heiðinni er fjárhústóft með uppistandandi veggjum.

Lýsing: Tóftin liggur frá SSV til ANA, undir svolíttilli hæð, þannig að veggir austasta hluta hennar sameinast hæðinni. Tóftin er um 11 m löng og 6 m breið að utanmáli. Veggjabreidd er um 1,5 m. Mesta hæð veggja er um 1,5 m innst í tóftinni. Vestari langveggurinn er svo til óhruninn með tvöfaldri grjóthleðslu. Veggurinn er gróinn upp fyrir miðju, en þar fyrir ofan sjást um þrjú umför hraungrýtis. Talsvert er hrunið úr austur- og suðurvegg.

Líklega hefur verið bárujárnsþak á húsinu, því leifar bárujárns sjást í tóftinni.




14a Tóft. Tekið í norðaustur. Ljós. GV.

Mikið hrun og jafnvel hleðsla er fyrir innan innganginn í tóftina, sem er væntanlega úr framgaflinum sem hefur líklega verið eitthvað hærri en hliðarveggirnir. Hugsanlega hefur hann verið hlaðinn alveg upp í rjáfur.

Inngangur er mót SSV. Hann er um 70 sm breiður og sjást fjögur umför grjóts beggja vegna. Veggjahæðin við innganginn er um 80 sm. Fremst á milli veggja liggur ein spýta og önnur hefur verið innar. Ofan á þessum spýtum liggur stór, flöt hraunhella, um 100 x 60 sm að stærð og um 10 sm þykk (Mynd 14b).



14b Inngangur í tóft. Tekið í norðaustur. Ljósm. GV.



Ekki er ósennilegt að innganginum hafi verið breytt eftir að fjárhúsið var tekið úr notkun og tófuskyttur hafi útbúið sér þar skjól.

Fyrir neðan fjárhúsið er aflíðandi, gróin brekka.

Í bókinni *Sunnlenskum byggðum* er sagt frá því að á neðanverðri Hamragarðaheiði hafi verið fjárhús og síðasti ábúandi hafi ræktað við þau tún, en hann bjó í Hamragörðum frá 1956 til 1963 (*Sunnlenskar byggðir*. 1982:186). Líklegt er að þetta séu leifar þessa fjárhúss.

Heimildir:

Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár. 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðar-samband Suðurlands.

Tóftin er um 90 m austan við vegslóða.

Niðurlag

Við vettvangsrannsókn fundust 15 minjastaðir, þar af 13 innan 100 m frá þeim vegslóða sem til athugunar var.

Minjar nr. [163766-72-2] til [163766-72-10] eru innan girðingar á afmörkuðu svæði sem virðist vera í einkanotkun því þar eru tveir litlir sumarbústaðir. Ólíklegt er að vegurinn verði breikkaður inn fyrir þessi lóðamörk og því eru minjarnar innan girðingar ekki taldar í hættu vegna vegaframkvæmda.

Varða nr. [163766-72-11] er 10 m frá vegslóða og er því í mikilli hættu vegna vegaframkvæmda. Ekki er ljóst hversu gömul varðan er og ekki víst að hún teljist til fornminja skv. 11. gr. *Þjóðminjalaga* nr. 107/2001.

Tóft nr. [163766-72-12] er 6 m frá vegslóða og er því í mikilli hættu vegna vegaframkvæmda. Ekki er ljóst hversu gömul þessi tóft er og ekki víst að hún teljist til fornminja skv. 11. gr. *Þjóðminjalaga* nr. 107/2001.

Minjar nr. [163766-72-13] til [163766-72-15] virðast vera tengdar hver annari. Garður nr. [163766-72-13] er alveg við vegslóða, en ekki er unnt að ganga úr skugga um eðli hans nema með frekari rannsókn og það sama á við um tóft nr. [163766-72-15]. Sé um mannvirki að ræða er nokkuð víst að þau eru gömul. Hinar tvær minjarnar eru um 50 m frá vegslóða.

Fjárhús nr. [163766-72-16] er um 90 m frá vegslóða og ætti því að vera unnt að komast hjá því að raska byggingunni þó vegslóðanum yrði eitthvað breytt.

Nauðsynlegt er að gæta varúðar nálægt þeim minjum sem næstar eru vegslóða verði hann breikkaður eða lagfærður. Hægt er að merkja og girða af fornleifar þar sem það er talið nauðsynlegt og þannig tryggja að tekið verið tillit til minjanna við framkvæmd verksins.

Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt ekkert sjáist þær ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildaskrá

- Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980]. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi*. [Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu, sem gefin var út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn 1913-1917. Reykjavík: Sögufélagið.
- Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hamragarðar, Rangárþing eystra*. Sótt 2. október 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1074803&landnr=163766&streetname=Hamragar%C3%B0ar&sveitarfelag=Rang%C3%A1r%C3%BEing%20eystra>.
- Guðjón Ólafsson. 1994. Úr gagnasafni Húsafriðunarnefndar vegna umsóknar um styrk úr Húsafriðunarsjóði.
- Haraldur Matthíasson. 1982. *Landið og Landnáma*. II. bindi. [Reykjavík:] Bókaútgáfan Örn & Örlygur hf.
- Íslensk fornrit. 1. bindi. Íslendingabók. Landnámabók. Síðari hluti*. 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Íslensk orðabók*. 1992. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Reykjavík: Mál og menning.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
- Jón Jósep Jóhannesson. 1966. Hamragarðar undir Eyjafjöllum. *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál*. 2. hefti 1966, 68-71
- Lög um mat á umhverfisáhrifum* nr. 106/2000.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði og aðstoð Þjóðskjalasafns Íslands.
- Manntal á Íslandi 1816. II. hefti*. 1951. [Guðni Jónsson og Jóhann Gunnar Ólafsson sáu um útgáfuna.] Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði.
- Manntal á Íslandi 1910. II Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar*. 1995. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Erfðafræðinefnd.
- Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.
- Rangárþing eystra*. Engin dags. Sótt 31. október 2007 af http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid_NR=160&E_NR=153&VS=1VS1.ASP&VT=160.

Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 5. nóvember 2007.

Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár. 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. 1981. *Landið þitt Ísland.* 2. bindi, H-K. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Þórður Tómasson. 1949. *Eyfellskar sagnir. II. bindi.* Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Þórður Tómasson. 1996. *Þórsmörk. Land og saga.* Ritstjóri: Hálfan Ómar Hálfanarson. Reykjavík: Mál og mynd.

Örnefnaskrár Hamragarða. Engin dags. Handrit Erlends Guðjónssonar, skráð af Þórði Tómassyni. Garðabæ: Örnefnastofnun.

